

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

18. febrúar 2019
MÍ201812-0069/ 6.09 / Þ.H.

Efni: Krýsuvík í Hafnarfirði - lýsing fyrir nýtt deiliskipulag við Krýsuvíkurborg

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um deiliskipulagslýsingu fyrir Krýsuvíkurborg í Krýsuvík í Hafnarfirði. Fylgigagn var deiliskipulagslýsing, dagsett 30. nóvember 2018.

Fyrir liggur fornleifaskráning fyrir Krýsuvíkurborgina sem unnin var af Fornleifafræðistofnunni og gefin út árið 1998, Bjarni F. Einarsson: *Krýsuvík, fornleifar og umhverfi*. Í skipulagslýsingunni á bls. 5 segir: *Skipulagssvæðið verður fornleifaskráð að nýju samkvæmt nógildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands*. Minjastofnun tekur undir mikilvægi þess að það sé gert. Fyrirliggjandi fornleifaskrá er komin nokkuð til ára sinna og uppfyllir ekki nógildandi staðla um fornleifaskráningu fyrir deiliskipulag. Síðan þá eru gengin í gildi ný lög um menningarminjar með nýjum kröfum, en auk þess eru hugsanlega fleiri minjar nú á svæðinu sem falla undir 100 ára aldursregluna og myndu því flokkast sem fornleifar. Þótt minjar séu ekki sjáanlegar á yfirborði geta minjar víða leynst undir sverði.

Skráningu minja skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar um fornleifa- og húsaskráningu og nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar, www.minjastofnun.is Samkvæmt þeim skulu sýnilegar fornleifar innan deiliskipulagssvæðis mældar upp og færðar á kortagrunn og útlínur skráðra fornleifa jafnframt færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Til þess að Minjastofnun geti veitt umsögn sína um skipulagið þurfa gögn þessi að liggja fyrir. Engin



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39
101 Reykjavík


(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness
thor@minjastofnun.is

uppistandandi hús eða mannvirki eru á skipulagsreitnum. Skráning
fornleifa telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest skrána.
Skal landupplýsingagögnum og skýrslum skilað á rafrænu formi til
stofnunarinnar ásamt tveimur útprentuðum eintökum af skýrslum.
Ef spurningar vakna má snúa sér til undirritaðs með þær.

Virðingarfyllst,



Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness

Afrit sent: Skipulagsstofnun